

**KJARVAL**

Goða lamba-  
súpukjöt, frosið  
af nýslátruðu

**639**  
kr./kg

**Hagkvæmt  
í heimaþyggð**

Fiskibollur og  
fiskiborgarar,  
forsteikt **899** kr./kg

Búrfell kinda-  
bjúga, soðin **199** kr./kg

Búrfell hrossa-  
bjúga, soðin **169** kr./kg

Allra  
samlökubrauð **159** kr. pkk.

Hvítkál, íslenskt **99** kr. kg

Pepsi og Pepsi Max, 2 litrar **198** kr. 2ltk.

Heinz bakaðar baunir, 6 stk. **699** kr. pkk.

Lay's snack  
5 tegundir, 200 g **329** kr. pkk.

**Markaður**  
Goða fjölskipt kaup

**Frábær tilboð á DVD**

Klaustur Sími: 487 4616 Vik Sími: 487 1325 Hvítvödur Sími: 585 7500 Þorlákshöfn Sími: 585 7585 Hella Sími: 585-7585

SJÁ OPNUJARTÍMA Á WWW.KJARVAL.IS

# VITINN

UTG. FRETATABUI SIMI: 4871429 NETFANG [frettir@simnet.is](mailto:frettir@simnet.is)

**Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á þriðjudagsmorgnum**

SMÁAUGLÝSINGAR



## MÝRDAL OG AUSTUR- EYJAFJÖLLUM

Nú hefjum við vetrarstarfið  
með súpufundi í  
Halldórskaffi föstudaginn  
1. október kl. 12:00

## ATH breyttan stað og tíma

Nýir félagar velkomnir  
Stjórnin

## Kirkjuskólinn í Mýrdal

Minni á samveru Kirkjuskólans í  
Mýrdal, nk. laugardag, 2. október kl.  
11:15 - 12:00 í Víkurskóla.  
Hlakka til að hitta ykkur.

Sóknarprestur



## Sunnudagaskólinn á Klaustri

Alla sunnudaga kl. 11.00 í  
Minningarkapellu séra Jóns  
Steingrímssonar.

Sóknarprestur

Netverslunin - [www.fallegfot.is](http://www.fallegfot.is)

Mikið úrval að nýjum og ódýrum fötum,  
sendi um land allt.  
Nýjar sendingar koma reglulega - skráið  
ykkur á póstlistann og fylgist með.

39. TBL. 14. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 29. SEPTEMBER 2010



## Smölun heimalanda

Athygli er vakin á ákvæðum fjallskilasamþykktar Vestur-Skaftafellssýslu nr. 360/2006 þar sem segir m.a:

### Í 18. gr:

Hver bóndi er skyldur að smala land sitt á hausti samhliða leitum, ef sveitarstjórn mælir svo fyrir. Sama gildir um eigendur eyðibýla þó þeir eigi þar ekki fjárvon. Hlýði umráðamaður lands ekki fyrirmælum sveitarstjórnar ber honum að greiða smölunarkostnað eftir mati sveitarstjórnar.

### Í 23. gr:

Hver eigandi eða umráðamaður lands er skyldur til að smala heimaland sitt eigi síðar en viku fyrir auglýstan hrútafellingardag og það eins þó landeigandi eða umráðamaður eigi þar ekki fjárvon sjálfur. Vanræki einhver að smala heimaland sitt, getur sveitarstjórn látið smala það á hans kostnað, og greiðir hann að auki sekt samkv. ákvæðum 20.gr.

Sveitarstjóri

## Miðvikudaginn 6. október n.k.

verður krabbameinsleit á  
Heilsugæslustöðinni í Vík.

Tímabantanir í síma 480 5344.

(Ath. breyttan skoðunardag frá því  
sem fram kom í heimsendu bréfi).

Samantekt vikuna 16. til 22. september 2010  
LÖGREGLAN HVOLSVELLI

Vikan á Hvolsvallarsvæðinu var mjög góð en 76 mál voru bókuð í dagbók lögreglunnar.

Þar af voru 40 stöðvaðir fyrir að aka of hratt en sá sem hraðast ók var á 133 km hraða.

Maður féll af þaki sumarbústaðar við Árbakka í Landssveit Þriðjudaginn 16.september. Talið er að hann hafi ekki slasast alvarlega, en hann var fluttur með sjúkrahil til Reykjavíkur til aðhlyningar.

Réttum er víðsvegar lokið og gengu þær vel en engin óhöpp voru tilkynnt til lögreglunnar á Hvolsvelli þeim tengdum. Réttarböll voru um s.l. helgi og fóru þau vel fram og var lögregla með gott eftirlit við staðina. Ökumenn voru stöðvaðir og kannað með ástand þeirra. Einnig var nokkuð um það að menn kæmu til lögreglunnar og fengu að blása til að kannna með ástand sitt. Tveir ökumenn fengu falleinkunn og fóru því ekki af stað á bílum sínum. Það er akkur okkar að menn aki ekki undir áhrifum og best er að hafa fyrir reglu að aka aldrei hversu lítið sem menn fá sér.

Við erum sem sagt mjög góðir hér hjá lögreglunni á Hvolsvelli engin umferðarhöpp eða slys tilkynnt í þessari viku. Haldið því áfram að fara varlega í umferðinni og sýnið áfram tillitsemi þar sem og annarsstaðar.

Með kveðju,

Lögreglan á Hvolsvelli.



Á DÖFINNI

**Opið hús** vegna þrjátíu ára afmælis Víkurþróns ehf. föstudaginn 1. okt n.k. frá kl. 13 – 18

**Fýlaveislan á Ströndinni** laugardagskvöldið 6. nóvember

**Þrjónakaffihúsið** á Halldórskaffi er næst fimmtud. 7. okt.

**Tannlæknir** á Heilsugæslunni á Kirkjubæjarklaustri 1.-3. október 2010.

**Vetrarstarfið hjá Samherjum** byrjar með súpufundi í Halldórskaffi föstud. 1. október kl. 12:00

**Kirkjuskólinn** í Mýrdal, nk. laugardag, 2. október kl. 11:15 - 12:00 í Víkurskóla.

“**Göngum til góðs**” laugardaginn 2. október. hjá R.K.Í Víkurdeild

“**Göngum til góðs**” föstudaginn 1. október á hjá R.K.Í. Klausturdeild

Ahyggjur veikja ónæmiskerfið. Kannski mætti taka öðru hvoru til í áhyggjuhólfu hugans, því stundum erum við að burðast þar með eitthvað sem hægt er að losa sig við.

### Myndin t.v.

Rófnaræktin hefur, eins og annar garðagróður, vaxið hreint með ágætum í sumar hér í Mýrdalnum og víðar. Hér komst ritstjóri Fréttabúa í rófnagarðinn hjá Einari og Birnu á Hvoli og hampar nokkrum rófum sem reyndust vera rúm 2 kg. að þyngd..



**Einar Þorsteinsson**

Sunnudaginn 26. sept. sl. Var haldið upp á 50 ára afmæli Sólheimkapellu.

Dagskráin hófst á að Einar Þorsteinsson í Sólheimahjáleigu, sem jafnframt er meðhjálpari Kapellunnar, lýsti bygginga-sögu hennar. Voru það fimm menn sem unnu að því að Kapellan yrði reist. Það voru þeir Sigurður Högnason, Sólheimakoti, Sæmundur Jónsson, Sólheimahjáleigu, Ásgeir Pálsson, Framnesi, og bræðurnir Elías, Pétursey og Þórður Guðmundssynir, Völlum.

Þegar Einar hafði lokið máli sínu voru þrjú ljóð lesin upp. Ljóð eftir séra Valgeir Helgason, Ásum, sem Elín Einarsdóttir í Sólheimahjáleigu flutti, þá ljóð eftir Ólafíu Árnadóttur, Sæmundssonar frá Sólheimahjáleigu sem Kristín Björnsdóttir í Sólheimakoti flutti og loks ljóð eftir Ásgeir Pálsson, Framnesi, sem Andrína Erlingsdóttir í Sólheimakoti flutti.

Þá var Guðsþjónusta sem sr. Haraldur M. Kristjánsson, sóknarprestur Víkursóknar

annaðist, söfnuður söng við undirleik Kára Gestssonar sem lék á orgel Kapellunnar og Kári og Kristinn Jóhann Nielsson tónskólastjóri léku tvö lög saman á fiðlu og orgel

Eftir athöfnina var Kapellugestum boðið í veitingar í Sólheimahjáleigu

**[www.Erika.is](http://www.Erika.is)** :

## **Nuddstofa Eriku**

***Gjafabréf eru tilvalin leið til að gefa vellíðan!***

Möguleikar og tilefni til að gefa nyt-sama gjöf eru fyrir hendi á öllum árs-tímum, hvort heldur sem um er að ræða einstaklinga, fyrirtæki eða félaga-samtök.

### ***Hjá mér***

... getur þú opnað hugann fyrir nýjum hugsunum,

... getur þú slakað á og hlaðið þig nýrri orku,

... getur þú vakið nýja lífsorku.

Það eru til margar leiðir til að slaka á, en nuddmeðferð er áreiðanlega sú nota-legasta. Gefðu þér sjálfri/sjálfum eða öðrum tækifæri til njóta þeirrar ánægju.

Sigtúni 5, 870 Vík, Sími 487 11 17

\* GSM 693 58 91

Netfang: [erika50@simnet.is](mailto:erika50@simnet.is)



## **Göngum til góðs**

Laugardaginn 2. október blæs Rauði kross Íslands til landssöfnunarinnar Göngum til góðs til styrktar alþjóðaverkefnum sínum.

Í ár rennur söfnunarféð til verkefna á vegum Rauða krossins fyrir börn og ungmenni í Malaví, sem eiga um sárt að binda vegna alnæmis. Einnig til Sierra Leóne þar sem um er að ræða verkefni fyrir stríðshrjád börn og endurhæfingu barnahermanna.

Ungmenni úr 9. og 10. bekk Víkurskóla munu ganga í hús, en einnig verður söfnunarbaukur á Regnbogamarkaðnum.

Það er von okkar að sem flestir sýni stuðning í verki og taki vel á móti krökkunum okkar, laugardaginn 2. október.



**Rauði kross Íslands**  
Vikurdeild

R.K.Í  
Vikurdeild

## **Rauði Kross Íslands**

### **Klausturdeild.**

Landssöfnun RKI "Göngum til góðs" verður föstudaginn 1. október á Klaustri Í ár rennur söfnunarféð til hjálparstarfs Rauða krossins í Afríku, aðalega Malaví.

Við verðum stödd í Skaftárskála milli 13. og 17.

Ef einhver áhugasamur vill ganga með okkur til góðs, þá er hægt að hafa samband við formann deildarinnar í síma 862 3426 eða beint við Guðveigu formann.



**Rauði kross Íslands**  
Klaustursdeild

## Korn vel sprottið

Eins og annar jarðargróður í sumar. Hér má sjá í vinnslu kornþurrkara hjá Sigurjóni í Pétursey. Nokkuð er reyndar síðan að Sigurjón fékk þurrkarann en hann ekki unnið eins og hann átti að gera. Fékk Sigurjón því Smára Tómasson í Vík til að endurbæta hann og nú vinnur þurrkarinn eins og hann á að gera. Við greinum nánar frá málinu í næsta Fréttabúa



## Hollráðabankinn

Rafmagnsleysi nýlega minnir mann ræki-lega á að brýnt er að hafa eitthvert ljóstæki á vísun stað á heimilinu. Fyrst og fremst vasaljós og síðan kerti ef rafmagnsleysið varir í einhvern tíma eða bara oliulampa

### Reykskynjar

Hefur fólk tékkað á reykskynjurum nýlega?

**Er eitthvað að bílnum** sem ekki ræðst við að finna? Sendu þá Leó M. Jónssyni véltæknifræðingi og leiðbeinanda í Bílblaði Morgunblaðsins línu í netpósti. Netfangið er [leoemm@simnet.is](mailto:leoemm@simnet.is) Hann mun þá fljótlega gefa þér ráð í bílþætti MBL. Það virðist hreint ótrúleg þekking sem Leó býr yfir og lítið um að hann reki í vörðurnar varðandi vandamál er bifreiðina varðar.

Ég mun í jólablaði Fb. birta viðtal við Leó. Bílþátturinn í MBL er í föstudagsblaðinu. Þá er hægt að ná í á netinu fullt af hollráðum frá Leó. E.

## Til lesenda

Nú er unnið að gerð Skatfellingaþátta Fréttabúa v/ársins 2009.

Ef einhver vill koma á framfæri einhverju um látinn vin eða ættingja, ef til vill bara stuttri kveðju endilega hafið samband eða sendið á netfang Fb. og Vitans:

[frettir@simnet.is](mailto:frettir@simnet.is)



## Víkurkirkja í Mýrdal

Guðsþjónusta verður í Víkurkirkju í tilefni af menningarhátíðinni Regnboganum, nk. sunnudag 3. október, kl. 11:00.

Sálmar og söngvar eftir Skaftfellska höfunda. Samkór Mýrdælinga syngur undir stjórn Kára Gestssonar organista. Fjölmennum til kirkju.

Sóknarprestur

# UMF Katla

Auglýsir eftir áhugasömum einstaklingi til að taka að sér blandtíma 1-4 bekkjar í Íþr.húsinu á mánudögum frá 14:00-14:40 og fimmtudögum fra 12:40-13:20. Þarf að geta byrjað strax 4.okt.

Finnist ekki einstaklingur sem vill sinna þessu, verður blandið fellt niður.

Starfsstjórn UMF Kötlu

**uppl. í síma: Magga 868-3642**

**Sæa 856-5370**

P.S. Einnig sárvantar formann !!!



## Verkefnisstjóri Friður og frumkraftar í Skaftárhreppi

Friður og frumkraftar er félag sem hefur það að markmiði að efla byggð og markaðsstöðu Skaftárhrepps með vörupróun og markaðssetningu. Verkefnið byggir á vandaðri stefnumótun, virku klasasamstarfi og metnaðarfullum markmiðum. Leitað er að verkefnisstjóra, sem verði leiðtogi í klasasamstarfi og sinni markaðs- og þróunarverkefnum, með sérstaka áherslu á ferðapjónustu. Æskilegt er að umsækjendur hafi menntun og/eða starfsreynslu á sviði stjórnunar og markaðsmála.

Viðkomandi hafi frumkvæði, sköpunarkraft, góða hæfni í mannlegum samskiptum og yfirsýn. Áhugi á umhverfismálum og útivist er æskilegur.

Um er að ræða ½ starf frá 1. nóvember með möguleika á hærra starfshlutfalli frá áramótum.  
Starfsstöð er á Kirkjubæjarklaustri.

Umsóknarfrestur er til og með 15. október 2010 og skulu umsóknir berast á netfangið [geirland@centrum.is](mailto:geirland@centrum.is). Nánari upplýsingar veita Erla F. Ívarsdóttir í síma 897 7618 eða netfangið [geirland@centrum.is](mailto:geirland@centrum.is), og Sandra Brá Jóhannsdóttir í síma 868 2337 eða netfangið [sandra@klaustur.is](mailto:sandra@klaustur.is).

### FUNDADRGERÐ MÝRDALSHREPPS

465. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps, haldinn fimmtudaginn 23. september 2010 kl. 16:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

Fundinn sátu undirritaðir aðalmenn. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina á tölvu.

Oddviti setur fundinn. Oddviti leggur fram dagskrártillögu um breytingu á dagskrá fundarins. Tekin verði á dagskrá fundargerð fræðslunefndar frá 21. þ.m. og eins leggur oddviti fram minnisblað frá fundi sem haldinn var með forsvarsmönnum Atvinnuþróunarfélags Suðurlands en sá fundur var haldinn 20. þ.m.

Tillagan var samþykkt.

Gerðir fundarins: Sveitarstjóri gerir grein fyrir verkefnum frá síðasta fundi.

#### I. Fundargerðir til staðfestingar.

1. Fundargerð fjallskilaneftar vestari frá 30. ágúst. Fundargerðin samþykkt.

2. Fundargerð fjallskilaneftar eystri frá 22. ágúst. Fundargerðin samþykkt.

3. Fundargerð atvinnu- og ferðamálanefndar frá 8. sept.

Fundargerðin lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn tekur undir álit nefndarinnar um nauðsyn þess að hér í sveitarfélaginu sé staðsettur lögreglumaður og felur sveitarstjóra að koma þeim sjónarmiðum á framfæri við lögreglustjóra.

4. Fundargerð fræðslunefndar frá 21. september. Fundargerðin samþykkt.

#### II. Innsend erindi til afgreiðslu.

1. Erindi frá Víkurdröngum ehf. varðandi stækkun lóðar við Hótel Lunda.

Færsla götunar um 5 metra til suðurs kallar á breytingu á deiliskipulagi og verulega breytingar á Víkurbrautinni bæði

götu og bílastæðum með talsverðum kostnaði fyrir sveitarfélagið. Sveitarstjórn hafnar því að ráðast í færslu götunnar um 5 m, en mun fara yfir deiliskipulag svæðisins.

#### III. Málefni til umfjöllunar / afgreiðslu.

##### 1. Samningur um skólaakstur.

Fram var lagður samningur sem sveitarstjóri gerði fyrir hönd sveitarfélagsins um skólaakstur í sveitarfélaginu á skólaárinu 2010 – 2011. Sveitarstjórn staðfestir samninginn.

2. Skýrsla um fjárhagsstöðu sveitarfélagsins til Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Kynnt var skýrsla um fjárhagsstöðu sveitarfélagsins sem send var til Sambands íslenskra sveitarfélaga um síðustu mánaðarmót.

3. Bréf frá Vinnueftirlitinu um vinnuverndarstarf.

Hvatt er til þess að gert sé áhættumat á vinnustöðum sveitarfélagsins og einnig að kosnir séu öryggisvörður og öryggis trúnaðarmaður á þeim vinnustöðum sem hafa 10 starfsmenn eða fleiri. Það erindi snertir því aðallega tvo vinnustaði á vegum sveitarfélagsins þ.e. Hjallatún og Víkurskóla. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að sjá til þess að gert sé áhættumat á helstu vinnustöðum í sveitarfélaginu og að kosnir séu öryggisverðir og öryggis trúnaðarmenn þar sem það á við.

##### 4. Fundur með fjárlaganefnd.

Sveitarstjóri og oddviti munu sækja fund fjárlaganefndar. Á þeim fundi munu helstu áherslur sveitarfélagsins gagnvart stjórnvöldum snúa að byggingu sjóvarnargarðs og uppbyggingu Kötlueturs og Hjallatún.

5. Fundargerð frá fundi með fulltrúum stjórnvalda vegna gossins í Eyjafjallajökli.

Sveitarstjóri greindi frá fundi með fulltrúum stjórnvalda sem haldinn var í aðal-

stöðvum ríkislögreglustjóra 15. september s.l. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**6.** Lokadrög á stöðuskýrslu um gosið á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli.

Fram voru lögð lokadrög að skýrslu um stöðu mála varðandi gosið á Fimmvörðuhálsi og Eyjafjallajökli vorið 2010. Rætt um að vanda til dreifingar skýrslunnar og að fela björgunarsveitinni að sjá um að afhenda húsráðendum hana og að kanna um leið hvort ekki sé til staðar á öllum heimilum plakatið „Heimilið yfirgefið“. Sveitarstjóra falið að ræða við björgunarsveitina um útfærslu verkefnisins.

**7.** Bréf frá Jöfnunarsjóði - Uppgjör á framlagi vegna lækkaðra fasteignatekna 2010.

Lagt fram til kynningar

**8.** Bréf frá Meistarafélagi byggingamanna á Suðurlandi - Hvatning til framkvæmda.

Lagt fram til kynningar

**9.** Bréf frá Skipulagsstofnun vegna nýrrar skipulagsreglugerðar.

Ný skipulagslög voru samþykkt á Alþingi 9. september s.l. og unnið er að gerð nýrrar skipulagsreglugerðar í tengslum við þau lög. Óskað er eftir ábendingum bæði um form reglugerðarinnar og eins um einstakar greinar sem þá þarf að skila til stofnunarinnar fyrir 15. október 2010. Vísað til skipulags- og byggingarnefndar.

**10.** Minnisblað frá fundi með Umhverfisstofnun vegna Dyrhólaeyjar.

Sveitarstjóri lagði fram minnisblað frá fundi með fulltrúum Umhverfisstofnunar um málefni Dyrhólaeyjar. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að boða til fundar með öðrum landeigendum og hagsmunaaðilum og kynna niðurstöðu fundarins.

**11.** Ósk um fund með Siglingastofnun.

Óskað hefur verið eftir fundi með Siglingastofnun um sjóvarnir við Vík og

verður sá fundur haldinn mánudaginn 27. september. Auk sveitarstjóra og oddvita mun formaður og varaformaður skipulags- og byggingarnefndar sækja fundinn.

**12.** Viðtaltstímar sveitarstjórnarmanna.

Fram var lagt minnisblað um reglulega viðtaltstíma sveitarstjórnarmanna á skrifstofu sveitarfélagsins. Samþykkt var að bjóða upp á slíka fundi einu sinni í mánuði og að þeir fundir yrðu haldnir í vikunni fyrir sveitarstjórnarfund. Á þeim fundum verði í hvert sinn tveir sveitarstjórnarmenn til viðtals. Öll erindi sem þannig berast sveitarstjórn verði skráð í sérstaka fundargerðarbók og tekin til afgreiðslu á næsta fundi sveitarstjórnar. Með þessum hætti er opnuð bein leið fyrir íbúa sveitarfélagsins til að koma málum sínum beint á dagskrá sveitarstjórnar.

**13.** Minnisblað um íbúafund í október.

Sveitarstjórn samþykkir að boðað verði til íbúafundar seinni partinn í október. Á fundinum verði auk almennrar umræðu um stöðu sveitarfélagsins og helstu verkefni lögð fram og kynnt áætlun um fegrunaráttak í sveitarfélaginu.

**14.** Bréf frá PACTA lögmönnum Páli Arnóri Pálssyni sem skrifað er fyrir hönd Þorsteins Gunnarssonar á Vatnsskarðshólum vegna Dyrhólaeyjar.

Sveitarstjóra falið að fara yfir bréfið með lögmanni sveitarfélagsins og svara því.

**15.** Minnisblað frá sveitarstjóra um leka í skólanum.

Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að undirbúa það verk að sett verði gler í þakglugga í skólanum í stað plasts sem verið hefur til vandræða í byggingunni frá upphafi, sýni það sig í vetur að þessi viðgerð haldi. Vísað til fjárhagsáætlunar.

## BJÖRN SKAFINN

Björn er maður nefndur Jónsson, kallaður skafinn. Foreldrar hans fluttust að vestan til Austfjarða seint á dögum Stefáns biskups. Það var um vortíma. En á Reykjaheiði varð móðir hans léttari og fæddi hann. En fyrir því að ekki var vatn að fá var barnið skafið með knífi; var hann því kallaður síðan Björn skafinn. Hann ólst upp í Austfjörðum og var afburðamaður að afli og vexti.

Þá hann var fullþroska gjörðist hann forráðamaður húsrú Margrétar Þorvarðsdóttur á Eiðum er kölluð var hin ríka. Hún átti dóttur eina barna er Margrét hét. Maður hennar er sagt að heitið hafi Bjarni sem fyrir ráðriki hennar hljóp frá henni og komst í duggu er lá á Suðurfjörðum. En mörgum árum þar á eftir kom hann inn á duggu á Loðmundarfjörð og kastaði fram stöku þessari:

"Heilsa þið fyrir mig húsfreyjunni heim til Eiða;

mörgum gjörir hún manni greiða; margt má gott af frúnni leiða."

Þess er getið eitthvört sinn að Björn skafinn lá á Eiðabjargi í Borgarfirði og var formaður þar fyrir skipi Margrétar húsfreyju.

En seint um sumarið reið hún ofan eftir að líta eftir aflabrögðum og þótti lítið hafa fiskast og kvað sljövlega sóttan sjóinn.

Hann kvað fisk svo lítinn að aldrei fengist utan einn í áróðri.

"Séu tuttugu áróðrarnir," sagði hún, "fást tuttugu fiskar."

Um morguninn eftir viðtal þeirra var gott veður; var því Björn árla uppi til sjóróðurs. Hún sagðist ætla með sér til skemmtunar. Hann kvað sér það vel líka.

En þegar leið á daginn gekk í útnyrðing snarpan. Óvön við vos og kulda bað hún Björn róa í land.

"Nei," sagði hann. "í tuttugu áróðrum fást tuttugu fiskar, best er að færa við þolið."

Alltaf varð veðrið meira og meira og farinn að rjúka sjór, en hann að róa á. Þessu hélt hann fram þar til Margrét var nær dauða en lífi. Hún bað hann þá hvað sem kosta ætti að flytja sig í land. Hann kvað ekki fullsetið enn, en þó skyldi hann gjöra það ef hún með eiði lofaði að gefa sér Margrétu dóttur sína, hvað hún gjörði. Fékk Björn hennar eftir þetta.

Margrét húsrú var auðug mjög bæði að föstu og lausu. Hún átti Húsavík og Njarðvík og bauð dóttur sinni hvora jörðina hún vildi. Hún kvaðst heldur kjósa Njarðvík því þar kæmi fleiri.

Reisti Björn þar svo bú og bjó til elli. Þau áttu marga sonu sem allir voru afarmenni að afli og atgjörvi, sem lengi hélst við í ætt þeirri. Gengu miklar sögur frá sonum Bjarnar skafinn, einkum Þorvarði sem bjó eftir föður sinn í Njarðvík og Jóni er drap óvættinn Nadda. Hann var með Erlendi sýslumanni Bjarnarsyni þá hann tók dugguna ensku.

Jón hét annar sonur Bjarnar skafinn, kallaður Áttæring-Jón. Hann var svo afburðamikill að hann hélt einn til sævar áttæringsskipi, en fórst seinast á vog þeim fyrir utan Höfn í Borgarfirði sem heitir síðan Áttæringvogur.

Steingrímur var einn sonarsonur hans; sagði svo frá afli hans að þegar hann hefði komið af duggunum á sumarinn, þá hefði hann leikið sér að því að grípa handfylli sína upp úr harðvellinu; en hann kvaðst aldrei hafa komið í harðvellið nema því fremsta af fingrunum, svona sagði hann mönnum færi aftur af aflinu.

Hann rotaði einu sinni rostung með járnkall.

*(Þjóðsagnasafn Jóns Árnasonar - Textasafn Orðabókar Háskóla Íslands)*

Myndir frá Skálmarbæ sem Kolbrún Gestsdóttir hefur safnað, nú óskum við eftir að þeir sem þekkja fólkið komi þeim upplýsingum til okkar á Vitanum



#### 16. Fjárhagsstaðan yfirferð

Sveitarstjóri lagði fram minnisblað um fjárhagsstöðuna í sveitarfélaginu. Samþykkt að taka endurskoðun fjárhagsáætlunar fyrir á næsta fundi.

17. Minnisblað frá fundi með fulltrúum Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands.

Ákveðið var á þeim fundi að boða til almenns íbúafundar um atvinnumál í sveitarfélaginu í byrjun nóvember.

18. Breyting á varafulltrúa Mýrdalshrepps á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga. Sveitarstjórn samþykkir að Sigurður Elías Guðmundsson taki sæti varamanns í stað Inga Más Björnssonar.

#### IV. Fundargerðir til kynningar:

1. Fundargerð barnaverndarnefndar frá 11. ágúst.

2. 128 fundur heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 19. ágúst 2010.

3. 123 fundur Skólaskrifstofu Suðurlands frá 24. ágúst 2010.

4. 2. fundur félagsmálanefndar Rangár-valla og Vestur-Skaftafellssýslu frá 15. sept. 2010.

5. 436. fundur stjórnar SASS frá 12 september 2010.

#### V. Annað kynningarefni

1. Ársskýrsla svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Suðurland.

2. Skýrsla Ríkisendurskoðunar á þjónustu við fatlaða.

3. Brýning frá formanni Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum og ályktun frá SSNV.

4. Skýrsla Ragnars K. Kristjánssonar. Sveitarstjórn þakkar Ragnari fyrir störf hans í sumar og gagnlega skýrslu.

5. Velferðarvaktin ábendingar varðandi skólastarf.

6. Bréf frá Umhverfisstofnun varðandi framkvæmdir við afmörkun bílastæða í Dyrhólaey.

7. Bréf frá Sambandi sveitarfélaga um stefnumótun í skólamállum.

8. Fundargögn vegna landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga á Akureyri.

#### Fundi slitið kl. 18.33

Elín Einarisdóttir oddviti, Ingi Már Björnsson Sigurður Elías Guðmundsson varaoddviti, Þorgerður Hlín Gísladóttir, Einar Bárðarson.

#### Alvarlegt umferðarslys

Varð í gærdag (mánudag) á vegamótum Suðurlandsvegur og Dyrhólshverfisvegur. Þar ók Pajero jeppi, sem í voru þrír útlendirar, í veg fyrir Dodge sendibíl með kerru aftan í. Í slysinu slösuðust tveir alvarlega, sérstaklega kona í Pajeronum. Læknir og sjúkrabíll úr Vík komu fljótt á slysstað, fljótlega var kallað á annan sjúkrabíl úr Hvolsvelli. Þá kom þyrila til móts við fyrri sjúkrabílinn. Konan sem mest slasaðist var strax sett í aðgerð á Landsspítalanum.

Báðir bílarnir voru taldir nær ónýtir og voru fluttir á Selfoss í gærkvöld.

Mörg slys hafa orðið á þessum vegamótum, sem undirstikar nauðsyn þess að setja stansmerki á umferð úr Dyrhólshverfi og eins frá Litla-Hvammi og kirkjunni. E.



Mynd: Bryndís F. Harðardóttir.

# Regnboginn



## List í fögru umhverfi

### Menningarveisla í Vík 1. - 3. október 2010

Menningarveislan Regnboginn - list í fögru umhverfi er samstarfsverkefni Menningarmálanefndar Mýrdalshrepps, Víkurkirkju, leik- grunn- og tónskóla, fyrirtækja og einstaklinga í Mýrdalshreppi. Boðið er upp á fjölbreytta dagskrá listviðburða og er aðgangur ókeypis á alla viðburði.

#### Föstudagur 1. október

##### 20:00 Brydebúð - Halldórskaffi

Hátíðin sett - ávarp og tónlistaratriði  
Magdalena Katrín og Arnar Snær flytja ljúf lög  
Helgi Felixson kynnir mynd sína - **Skaftfellingur Saga**  
Íslensk dægurlög í nýdjössuðum útsendingum

##### 22:00 Ströndin

Fúlar á móti - Björg Jakobsdóttir og Helga Braga fara á kostum í bráðfyndnu uppstandi  
Nemendur söngskóla Sigurðar Demetz flytja fjöruga tónlist úr ABBA og söngleikjum

#### Langardagur 2. október

##### 11:00 - 16.00 Leikskálar- Regnbogamarkaðurinn

Myndlist, handverk og tónlist

##### 13:30 Íþróttahús - Heimsfrumsýning

Mynd Helga Felixsonar Skaftfellingur Saga er stór viðburður sem enginn má missa af. Myndin fjallar um hið fornfræga skip Skaftfelling og fólkið í kring um hann.

##### 15:00 Íþróttahús - Regnbogastjarnan

Létt dagskrá. Þar koma m.a. fram nemendur grunn- og tónskólans, Jón Hjaltason les ljóð eftir skaftfelling, Ljósín í bænum undir stjórn Önnu Björnsdóttur, Eyrarkórinn undir stjórn Örlygs Benediktssonar og myndlist.

##### 17:00 Grunnskólinn - Söngvarakeppni

Diskótekið Dolly sér um Söngvarakeppni unga fólksins  
Edgar Smári tekur lagið með krökkunum

##### 20:00 Íþróttahús - Hátíðardagskrá

Fjölbreytt dagskrá: Tangó; Guðmundur Óli og dansarar, söngur; Ljósín í bænum, Eyrarkórinn og Dúettinn Vox, myndlist, Óskar Einarsson og Edgar Smári

##### 22:00 Lundinn

Blúsbandið Mood spilar af fingrum fram

##### 23:00 Halldórskaffi

Dúettinn Inger og Jón Þór spila lifandi tónlist

#### Sunnudagur 3. október

##### 11:00 - 16.00 Leikskálar- Regnbogamarkaðurinn

Myndlist, handverk og tónlist

##### 11:00 Víkurkirkja - Messa

Séra Haraldur M. Kristjánsson. Sálmar og söngvar eftir Skaftfellinga í flutningi Samkórs Mýrdælinga undir stjórn Kára Gestssonar.

##### 15:00 Víkurkirkja - Tónleikar

Magnús Eiríksson og Pálmi Gunnarsson flytja ljúfa tóna.

##### 16:00 - 18:00 Hjallatún

Opið hús frá 16:00 - 18:00 handverk, kaffi og meðlæti  
Samkór Mýrdælinga flytur skaftfellska söngva undir stjórn Kára Gestssonar

##### Auk þessa:

Myndlistasýningar - Kaffi og handverk - Leirbrot, og gler, ljósmyndir á ýmsum stöðum í þorpinu. Opið hús hjá Leirbrot og gler alla helgina og Víkurþrjón, Arion banka og Vínbúðinni á föstudeginum.